

Ed.

120. Frumvarp til laga

[99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að fjárhæð allt að 2 milljónum sterlingspunda.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða endurlánað öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingum.

Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda. Skal um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru.

Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur að undanfögnu unnið að ýmsum áætlunum um framkvæmdir, sem ráðgert er að hrinda af stað á næstunni. Enn fremur hefur verið leitað stuðnings hennar við nauðsynlegar framkvæmdir, sem í undirbúningi eru á vegum annarra aðila. Er nú verið að vinna að athugun og samræming þessara áætlana í ljósi þess, hvað áætla má, að hægt verði að ráðast í með tilliti til fjármagns og vinnuafis, sem þjóðarbúið hefur yfir að ráða.

Meðal mikilvægustu framkvæmdanna eru þær, sem stuðla að auknum útflutningstekjum. Er þar annars vegar um að ræða beina aukningu framleiðslugetu, einkum í fiskiðnaði, en hins vegar bæta aðstöðu, t. d. með því að stækka hafnir og bæta önnur skilyrði til útgerðar. Þá eru og ráðgerðar verulegar raforkuframkvæmdir á næsta ári í sambandi við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar og vegna undirbúnings stærri virkjanaframkvæmda síðar.

Til þessara framkvæmda, sem nú hafa verið nefndar, og margra annarra, þarf mikið fjármagn, og er ljóst, að verulegur hluti þess þarf að fást erlendis. Möguleikar eru nú fyrir hendi til að afla fjár erlendis til langs tíma með viðunandi kjörum. Til þess að hægt sé að vinna frekar að því máli er ríkisstjórninni nauðsynlegt að afla heimildar Alþingis til lántökunnar.

Ríkisstjórnin telur ekki mögulegt að framkvæma endanlega skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda nú þegar. Áður en slík skipting getur farið fram er nauðsynlegt að kanna þær fjárfestingaráætlanir, sem fyrir liggja nánar, og þá ekki sízt hverjar þeirra skuli framkvæmdar með aðstoð þess erlenda lánsfjár, sem hér um ræðir, og hverjar skuli fá fé af opinberum framlögum eða því innlenda lánsfé, sem til ráðstöfunar verður.